

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 23. september 2022

Mál nr. E-242/2022:

**Alexandra Rut Ingólfssdóttir**  
(*Kristján Ágúst Flygenring lögmaður*)  
**gegn**  
**Sjóvá-Almennum tryggingum hf.**  
(*Kristín Edwald lögmaður*)

## Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 30. ágúst 2022, er höfðað 7. janúar 2022 af Alexöndru Rut Ingólfssdóttur, [...], gegn Sjóvá-Almennum tryggingum hf., [...].
- Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða henni 2.693.990 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá [...]2018 til [...] 2018 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.
- Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda, auk málskostnaðar. Til vara krefst stefndi þess að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

## Málsatvik

- Á árinu 2018 var stefnandi með Fjölskyldutryggingu 2, sem felur í sér innbústryggingu, hjá hinu stefnda tryggingafélagi, en um trygginguna gildi skilmáli nr. 203.
- Stefnandi óskaði eftir aðstoð lögreglu [...] 2018 vegna innbrots á heimili hennar og í skýrslum lögreglumanna sem komu á staðinn sama dag vegna máls nr. [...]er lýst ummerkjum um að hurð að íbúð stefnanda hefði verið brotin upp. Er tekið fram í annarri skýrslunni, sem rituð var 28. s.m., að á þeim tímapunkti sé ekki vitað um stolna muni.
- Lögreglu var tilkynnt [...]2018 um innbrot í bifreið við heimili stefnanda og hitti lögregla hana fyrir á vettvangi. Í skýrslu lögreglu vegna málsins nr. [...]er haft eftir stefnanda að hún hafi farið erlendis [...]2018 og að við heimkomu [...] s.m. hefði hún orðið vör við að brotist hefði verið inn í bílinn. Er og haft eftir henni að tveir símar hefðu verið teknir úr bifreiðinni, einn svartur Samsung-sími í svörtu hulstri og einn hvítur iPhone 8 með rósagylltri bakhlið. Einnig hefði grá 66°N-úlpa af gerðinni Jökla verið tekin. Loks segir í skýrslunni að stuttu eftir að stefnandi hafi tilkynnt innbrotið hafi símarnir hennar og úlpa fundist og hún komið á lögreglustöð að sækja munina sína.
- Sama dag, þ.e. [...], er rituð lögregluskýrsla í máli nr. [...] og er vettvangur þar tilgreindur 1. hæð hússins [...]. Skýrslan lýtur að afhendingu 11 muna sem er svo lýst: Svartur Samsung-sími

í svörtu hulstri, rose gold iPhone 8, svört kvk. úlpa, svört 66°N-úlpa með loði innan í, appelsínugul ZO-ON-barnaúlpa, svört Cintamani-úlpa með loðkraga, svartur herra-bomber, svört 66°N kvk. úlpa með engu loði á hettunni, lítil ferðataska með jólaskrauti í, PINK-snyrtitaska og grátt hlaupahjól. Er því nánar lýst að myndir hefðu verið teknar af hverjum mun og myndirnar vistaðar í LÖKE, upplýsingakerfi lögreglu. Í lögregluskýrslu gerðri [...] 2019 vegna málsins merkt sama númeri er að finna nefndar myndir þótt þar séu tvær sams konar af PINK-snyrtitösku og enga mynd sé að finna af hlaupahjóli.

8. Stefndi tók á móti tjónstilkynningu frá stefnanda [...]2018. Þar er vísað til innbrots í íbúð stefnanda [...]s.á., sbr. skýrslu lögreglu þann dag, og tekið fram að lausamunum, sem taldir voru upp í 20 liðum, hafi verið stolið. Var talið upp að um væri að ræða þrjá myndlykla frá Símanum; Lenovo; iPad, afmælisgjöf; Mac-tölvu; Soundbar sons; Soundbar LG, gjöf; iPhone 8; tvær 66°N Jökla-úlpur, svarta og bláa; u.þ.b. 20 Nike-æfingabuxur; peysur og nokkra galla; tvö keppnisbikiní; tvenna skó; Anita-bikiní; skartgripi sem voru allir teknir; snyrtidót sem var allt tekið; Timberland + hælaskó; 66°N-úlpu á stelpuna og galla á strákinn. Við flesta munina var ártal og áætlað verð. Þá var innan sviga talið upp að horfið hefði: Microblade-taska, tveir Karen Millen kjólar, tvennir Michael Kors skór og tvö DogG-úr. Verð var áætlað á töskuna en tekið fram um aðra muni að þeir hefðu verið gjöf. Þá var tekið fram að tekin hefðu verið barnaföt sem erfitt væri að meta, en að um Molo-föt væri að ræða sem væru mjög dýr.
9. Af hálfu stefnda var stefnanda tilkynnt 30. nóvember 2018 að lögregluskýrsla hefði borist vegna innbrotsþjófnaðar á heimili hennar en að þar komi fram að ekki sé vitað um stolna muni. Var þeirri spurningu beint til stefnanda hvort hún hefði látið lögregluna fá lista yfir stolna muni og jafnframt var hún beðin um að senda stefnda kvittanir/kortafærslur vegna stolinna muna og henni bent á að ef hún ætti ekki kvittanir ætti hún að geta nálgast þær hjá söluaðila.
10. Stefnanda var tilkynnt [...]2019 að stefndi hefði komist að þeirri niðurstöðu að allur bótaréttur stefnanda væri niður fallinn vegna innbrotsins [...]2018 og var vísað til þess að bótaréttur félli niður skv. 57. gr. váttryggingarskilmála fyrir Fjölskylduvernd 2 ef váttryggður veitti af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta, sbr. og 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Taldi stefndi að hluti þeirra muna sem stefnandi hefði sótt 13. nóvember 2018 til lögreglu hefði verið talinn upp í tjónstilkynningu til félagsins [...] s.m. Hefðu því verið veittar rangar upplýsingar af ásetningi við uppgjör bóta.
11. Enn var rituð lögregluskýrsla [...]2019 í máli nr. [...]. Segir í skýrslunni að stefnandi hafi haft samband við skýrsluhöfund, talið upplýsingar vanta í lögregluskýrslur og óskað eftir viðbótarskýrslu. Skýrsluhöfundur hafi óskað eftir upplýsingum frá henni um þýfi og verðmæti þess, auk þess sem hún hefði endurheimt. Eru þær upplýsingar tífundaðar í skýrslunni með þeim hætti að ófundnir eftir innbrot í íbúð stefnanda 25. október 2018 séu eftirfarandi munir: Apple TV 4k 64GB, Mac mini tölva, iPad 4g 2018, Sonos soundbar, tveir Sonos hátalarar Play 3, LG soundbar hátalari, föt frá börnum, tvær kvk. 66°N nýjar Jöklu-úlpur, önnur svört og hin blá, 66°N Parka-krakkaúlpa, 66°N Svanur primaloft krakkaúlpa, Timberland-kvenskór,

Timberland-skór premium, Timberland-skór junior, æfingaföt og keppnisgallar, tvö keppnisbikiní (sérsaumuð), tvö Anita-bikiní og iPhone 8. Verðmæti var skráð við hvern hlut, auk þess sem tilgreind voru úr og skartgripir, sem stefnanda höfðu verið kær, að verðmæti u.þ.b. 2.500.000 krónur. Loks voru taldir upp munir sem hefðu fundist eftir innbrot í bíl og var lýst svo: Samsung-sími, iPhone 8, svört kvk. úlpa, gömul svört 66°N-úlpa, ferðataska með jólaskrauti, skiptitaska (PINK) og hlaupahjól.

12. Með bréfi, dags. [...]2019, krafðist lögmaður stefnanda fyrir hennar hönd fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum að bótaskylda stefnda yrði viðurkennd vegna innbrots á heimili hennar [...]2018. Var tiltekið í bréfinu að stefnandi hefði tilkynnt stefnda um tjón vegna innbrots í íbúð hennar og í bíl hennar með tjónstilkynningu [...]2018. Þar hefðu allir munir sem stolið hefði verið frá stefnanda í báðum innbrotum verið taldir upp. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar lá fyrir 28. júní 2019 í máli nr. 189/2019 og var á þá leið að stefnandi ætti ekki rétt á bótum úr innbrotsþjófnaðarlið innbústryggingar hjá stefnda.
13. Af hálfu stefnanda var með bréfi, dags. 30. september 2019, farið fram á endurupptöku úrskurðarins. Var í bréfinu tekið fram að fyrir misskilning hefði verið fullyrt að í tjónstilkynningu hefði verið tilkynnt um muni sem stolið hefði verið bæði úr íbúð og bíl stefnanda en rétt væri að einungis hefði verið tilkynnt um muni sem stolið hefði verið úr íbúðinni. Þá var vísað til þess að lögregluskýrslur vegna innbrots í bíl lægju nú fyrir. Beiðni um endurupptöku var hafnað af úrskurðarnefndinni 22. október 2019 þar sem skilyrði til endurupptöku var ekki uppfyllt að hennar mati.
14. Enn var farið fram á endurupptöku umrædds úrskurðar, fyrst með tölvupósti 1. mars 2021 en síðan með bréfi, dags. 16. s.m. Var vísað til þess að eftir úrskurðinn hefði fallið dómur þar sem fram kæmi að ákærði hefði játað innbrot í íbúð og bíl stefnanda. Var þeirri beiðni einnig hafnað af úrskurðarnefndinni 9. apríl 2021, enda teldi nefndin ekkert í málsatvikum héraðsdóms breyta afstöðu nefndarinnar til málsins, auk þess sem ekki yrði séð að stefnandi hefði ekki getað lagt fram lögregluskýrslu um innbrot í bifreið við málskot í upphafi.
15. Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. [...] var kveðinn upp [...]. Játaði ákærði í málinu að hafa í félagi við annan mann á tímabilinu frá fimmtudeginum [...] 2018 til þriðjudagsins [...]2018 brotist inn í bifreiðina [...] sem stóð við [...]og stolið þaðan Samsung-farsíma, iPhone-farsíma og úlpu frá 66°N. Einnig játaði hann þjófnað með því að hafa fimmtudaginn [...]2018, í félagi við annan mann, brotist inn í íbúð stefnanda á [...]og stolið þaðan svörtum Samsung-farsíma, Rose gold iPhone 8 farsíma, svartri kvenmannsúlpu, svartri 66°N-úlpu með loðkraga, appelsínugulri ZO-ON-barnaúlpu, svartri Cintamani-úlpu með loðkraga, svörtum herrajakka, svartri 66°N-kvenmannsúlpu, ferðatösku er innihélt ýmislegt jólaskraut, snyrtitösku merktri PINK og gráu hlaupahjóli.
16. Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu og vitnaskýrslu fyrir dómi gaf Jóhann Eyvindsson rannsóknarlögreglumáður. Verður vísað til framburðar þeirra eftir því sem þurfa þykir.

*Helstu málsástæður og lagarök stefnanda*

17. Stefnandi byggir á því að hún eigi rétt á óskertum bótum úr hendi stefnda vegna innbrots [...] 2018 í íbúð hennar á [...]. Stefnandi hafi verið með váttrygginguna Fjölskylduvernd 2 hjá stefnda og gildi skilmáli stefnda nr. 203 þar um. Í 1. kafla skilmálans sé fjallað um innbústryggingu sem skv. 2. gr. skilmálans taki til almenns innbús sem sé lausafjármunir, s.s. húsgögn, heimilistæki, laus gólfteppi, fatnaður, bækur og lín. Þá komi fram í yfirlitsmynd í fyrrnefndum skilmála að váttryggingin taki til þjófnaða við innbrot í læsta íbúð, bifreið, einkabát, einkaloftfar, sumarhús eða hjólhýsi. Forsenda fyrir bótaskyldu sé að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot, en samkvæmt lögregluskýrslu, dags. [...] 2018, hafi verið ummerki um að læst útidyrhurð hafi verið spennt upp. Fyrrnefnt skilyrði teljist því uppfyllt.
18. Stefndi hafi hafnað bótaskyldu í málinu með vísan til 57. gr. greinds skilmála sem segi: „Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. eða 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan með einnar viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. eða 120. gr. og 76. gr. laga nr. 30/2004.“ Í 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga segi að veiti váttryggður af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann viti eða megi vita að leiði til þess að hann fái greiddar bætur sem hann eigi ekki rétt til falli niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar. Sé háttsemi váttryggðs ekki alvarleg, hún varði aðeins lítinn hluta kröfunnar eða sérstakar ástæður mæla með geti hann þó fengið bætur að hluta.
19. Stefnandi hafi ekki veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við tilkynningu um tjónið. Ágreiningur milli aðila virðist byggður á misskilningi á annars vegar atvikum máls, þ.e. að um tvö aðskilin innbrot sé að ræða, og hins vegar á tilgreiningu muna í tjónstilkynningu og þeim munum sem fengist hafi til baka úr innbroti í bifreið stefnanda. Stefnandi hafi ekki tilkynnt innbrotið í bifreið sína til stefnda, enda hafi hún fengið munina sem teknir voru úr bifreiðinni skömmu síðar. Af gögnum málsins sé alveg ljóst að um tvö aðskilin innbrot sé að ræða. Þá hafi einnig verið gerð greinargóð skil á þeim munum sem tilgreindir séu í tjónstilkynningu og þeim munum sem fengist hafi til baka með aðstoð lögreglu úr innbrotinu í bifreið stefnanda.
20. Byggi stefnandi á því að skilyrði 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004 séu ekki uppfyllt og þar af leiðandi sé stefnda ekki stætt á því að hafna bótaskyldu úr innbrotsþjófnaðarlið innbústryggingarinnar. Stefnandi hafi ekki veitt rangar upplýsingar. Stefndi hafi álitnið einhverja þá muni sem tilgreindir hafi verið í tjónstilkynningu annars vegar vera þá sömu og þá sem stefnandi hafi fengið til baka samkvæmt lögregluskýrslu. Þetta sé rangt eins og gögn staðfesti. Hafi stefnandi enda ekki tilkynnt innbrot í bifreiðina til stefnda eða tiltekið þá muni sem þar hafi verið teknir. Sé alfarið rangt að hún hafi vísvitandi veitt rangar upplýsingar í því skyni að fá greiddar bætur,

en það sé skilyrði fyrir því að fella megi niður bótarétt eða skerða hann samkvæmt áðurgreindu ákvæði.

21. Hvað varði fjárkröfu stefnanda vísist til tjónstilkynningar og gagna málsins, en skv. 4. gr. skilmála stefnda nr. 203 skuli bótafjárhæð taka mið af kostnaði við viðgerð á skemmdum mun eða öflun samsvarandi eða að verulegu leyti samsvarandi munar. Samkvæmt ákvæði skilmálans greiðist bætur á grundvelli verðs á nýjum hlutum. Nemi fjárhæð kröfu stefnanda því 2.693.990 krónum, en einnig hafi miklu magni skartgripa og snyrtivara verið stolið þótt gögn liggi ekki fyrir um þá muni.
22. Loks sé krafist almennra vaxta vegna skaðabóta skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá hinu bótaskylda atviki, þ.e. [...]2018 til [...]2018. Þá sé krafist dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi, en þá hafi verið liðinn mánuður frá því að krafa hafi verið gerð í tryggingu með tjónstilkynningu, dags. 19. nóvember 2018.

#### *Helstu málsástæður og lagarök stefnda*

23. Stefndi byggir sýknukröfu sína af greiðslukröfu úr innbústryggingu í fjölskyldutryggingu stefnanda á því að stefnandi hafi af ásetningi veitt rangar og ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta. Þegar stefnandi hafi tilkynnt um tjónið [...]2018 hafi hún verið búin að endurheimta hluta þeirra muna sem stolið hafi verið í innbrotinu á heimili hennar [...] 2018, eins og fram komi í lögregluskýrslu. Hafi stefnandi ekki getið þess í tjónstilkynningunni eða samskiptum sínum við stefnda að hún hefði endurheimt þessa muni en félagið fengið um það upplýsingar þegar greind lögregluskýrsla hafi borist því [...]2018.
24. Byggi stefndi sýknukröfu sína jafnframt á því að umfang tjóns stefnanda sé ósannað. Sönnunarbyrði um umfang tjónsins hvíli samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar á stefnanda sem verði að bera hallann af sönnunarskortri þar um. Í lögregluskýrslu í máli nr. [...], dags. [...]2018, er varðaði innbrot í bifreið með skráningarnúmerið [...] komi eftirfarandi fram: „Alexandra sagði að búíð væri að taka tvo síma úr bifreiðinni, einn samsung síma sem var svartur í svörtu hulstri og einn hvítan iPhone 8 með rósa gull lit á bakhlið. Alexandra sagði að það væri einnig búíð að taka gráa 66 gráður norður úlpu, Jökla úr bifreiðinni.“ Sé þannig ljóst að úr bifreiðinni hafi aðeins verið teknir tveir símar auk einnar úlpu. Í lögregluskýrslu, dags. [...]2018, í máli nr. [...], er varðaði innbrot á [...], komi fram að stefnandi hafi komið á lögreglustöðina á Hverfisgötu sama dag og fengið afhenta muni sem voru í hennar eigu. Telji stefndi ljóst að stefnandi hafi fengið töluvert fleiri muni afhenta en hún hélt fram að teknir hefðu verið úr bifreiðinni með skráningarnúmerið [...], fyrr um daginn. Hluti þessara muna hafi því verið tekinn úr íbúðarhúsnæði stefnanda á [...]. Þar með sé ósannað að báðar lögregluskýrslurnar frá [...]2018 séu vegna innbrots í bifreiðina [...]. Þá vísi málsnúmer lögregluskýrslunnar er varði þá hluti sem stefnandi fékk til baka til innbrotsins í íbúð stefnanda, auk þess sem mun fleiri hlutir hafi verið afhentir stefnanda en hún hafi tiltekið við lögreglu.

25. Einnig beri að líta til þess sem fram komi í málskoti stefnanda til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, dags. 24. maí 2019, en þar komi eftirfarandi fram: „Alexandra tiltók í tjónstilkynningu til Sjóvár, þann [...]18, alla muni sem stolið hafði verið frá henni, samanlagt, þ.e.a.s. bæði vegna innbrotsins á heimili hennar og vegna síðara innbrots í bifreið hennar. Taldi hún að sér væri það skylt, enda óvön að standa í slíkum tilkynningum.“ Feli þetta í sér viðurkenningu á sýknukröfu stefnda, enda hafi stefnandi af ásetningi veitt rangar og ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta. Þrátt fyrir að þetta hafi verið dregið til baka í síðara málskoti stefnanda til úrskurðarnefndarinnar, auk þess sem þessi málsástæða hafi verið leiðrétt, telji stefndi tilefni til þess að líta til þessa rökstuðnings. Megi jafnframt benda á að í tölvupósti frá lögmanni stefnanda til úrskurðarnefndarinnar 1. mars 2021 komi eftirfarandi fram: „Eins og áður segir fyllti umbj. okkar ranglega út umrædda tjónstilkynningu.“ Sé því áréttað af hálfu stefnanda að hún hafi í tjónstilkynningunni tiltekið muni úr báðum innbrotum, þ.e. úr bifreiðinni [...]og íbúðarhúsnæði hennar.
26. Stefnandi hafi tilgreint ýmsa tjónsmuni í tjónstilkynningu sinni til stefnda [...]2018 og m.a. getið um að erfitt væri að meta dýran barnafatnað sem stolið hefði verið. Stefnandi hafi þannig verið meðvituð um að tilgreining hennar og sundurliðun tjónsmuna væri í reynd bótakrafa sem sett væri fram til útreiknings bóta. Á þessum tíma hefði stefnandi endurheimt hluta þeirra muna sem teknir hefðu verið ófrjálstri hendi í innbrotinu á heimili hennar, eins og fram komi í lögregluskýrslu í máli nr. [...]. Augljóst sé að innbrot í bifreiðina ætti ekki að hafa nein áhrif á það hvaða muni stefnandi tilgreindi á munalista sem hún undirritaði og afhenti stefnda vegna innbrots [...]2018 í íbúðarhúsnæði hennar.
27. Ákærði í máli nr. [...], sem lokið hafi með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...], hafi viðurkennt að hafa [...]2018, í félagi við annan aðila, brotist inn í íbúð á 1. hæð hússins á [...]og stolið þaðan Samsung-farsíma, Rose gold iPhone 8 farsíma, svartri kvenmannsúlpu, svartri 66°N-úlpu með loðkraga, appelsínugulri ZO-ON-barnaúlpu, svartri Cintamani-úlpu með loðkraga, svörtum herrajakka, svartri 66°N-kvenmannsúlpu, ferðatösku er innihaldið hafi ýmislegt jólaskraut, snyrtitösku merktri PINK og gráu hlaupahjóli. Samræmist þetta því sem fram komi í lögregluskýrslu, dags. [...]2018, í máli nr. [...], er varðaði innbrot á 1. hæð á [...], um þá muni sem stefnandi hafi fengið afhenta þann sama dag. Telji stefndi þannig sannað að stefnandi hafi endurheimt hluta þeirra muna sem teknir hafi verið ófrjálstri hendi í innbrotinu [...] 2018. Ákærði hafi í sama máli viðurkennt að hafa á tímabilinu frá fimmtudeginum [...]2018 til þriðjudagsins [...] 2018, í félagi við annan aðila, brotist inn bifreiðina [...] sem stóð við [...]og stolið þaðan Samsung-farsíma, iPhone-farsíma og úlpu frá 66°N, að óþekktu verðmæti. Framangreint samræmist því sem fram komi í lögregluskýrslu í máli nr. 007-2018-078042, dags. 13. nóvember 2018, er varði innbrot í bifreiðina með skráningarnúmerið [...], þar sem stefnandi lýsi því að úr bifreiðinni hefðu verið teknir tveir símar, auk úlpu frá 66°N.
28. Þá hafi stefnandi ekki lagt fram kvittanir/kortafærslur til stuðnings kröfu sinni um bætur vegna innbúsbjófnaðar úr innbústryggingu. Sé sú krafa stefnanda því í raun vanreifuð sem kunní að

valda því að vísa beri henni frá dómi án kröfu. Stefndi hafi krafist kvittana/kortafærslna frá stefnanda fyrir því sem stolið hafi verið en slíkar upplýsingar hafi ekki borist stefnda nema að því er varði lítið brot heildarkröfunnar. Nægi þetta ekki til uppgjors í málinu, einkum í ljósi þeirra háu krafna sem settar hafi verið fram án rökstuðnings.

29. Beri með hliðsjón af framansögðu að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, enda hafi stefnandi af ásetningi veitt rangar og ófullnægjandi upplýsingar til stefnda við uppgjör bóta, auk þess sem umfang tjóns stefnanda sé ósannað.
30. Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda geri hann þá kröfu með sömu rökum og áður að bótakröfur stefnanda verði lækkaðar verulega.
31. Sönnunarbyrði um að tilgreindir hlutir hafi verið teknir af heimili stefnanda hvíli á henni. Verði talið að stefnandi hafi fært viðhlítandi sönnun fyrir því hvaða munir hafi horfið byggi stefndi á því að hún hafi ekki fært nægar sönnur á verðmæti þeirra. Gögn þau er stefnandi hafi lagt fram til stuðnings kröfum sínum eigi við um kaup sem hafi átt sér stað eftir innbrotið í [...] 2018, að undanskildum tveimur reikningum. Bætur úr heimilistryggingu hjá stefnda miðist við að fjárhagsleg staða váttryggðs verði hin sama og fyrir tjónið, en stefnandi hafi ekki leitt að því nægar líkur að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hún lýsi í skaðabótakröfu sinni. Stefndi hafi heimild til þess að styðjast við afskriftarreglur sem feli m.a. í sér að rafmagnstæki afskrifist um 20% eftir eitt ár, en símar, snjallsímar og fylgihlutir þeirra afskrifist um 20% á sex mánaða fresti frá kaupdegi til tjónsdags og að fullu á 30 mánuðum. Sé því í öllu falli ljóst að lækka beri kröfur stefnanda verði talið að hún hafi fært sönnur fyrir því hvaða munir hafi horfið.
32. Loks mótmæli stefndi dráttarvaxtakröfu stefnanda og telji að yrði fallist á kröfur stefnanda yrðu dráttarvextir ekki dæmdir frá fyrra tímamarki en dómsuppsögudegi, sbr. 2. málslið 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, enda sé krafa stefnanda umdeild.

#### *Niðurstaða*

33. Í máli þessu krefst stefnandi bóta úr innbústryggingu, sem óumdeilt er að hún hafði hjá stefnda, vegna innbrots í íbúð hennar. Ágreiningslaust er að brotist var inn hjá stefnanda, enda er því lýst í lögregluskýrslum, auk þess sem fyrir liggur dómur þess efnis. Varnir stefnda byggja annars vegar á því að stefnandi hafi af ásetningi veitt rangar og ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta og hins vegar á því að umfang tjóns stefnanda sé ósannað.
34. Hefur stefndi einnig bent á að krafa stefnanda kunni að vera svo að vísa beri henni frá dómi án kröfu. Stefnufjárhæð málsins er sundurliðuð í stefnu og endurspeglar heildarfjárhæðin samtölu verðs á því sem stefnandi telur sambærilega muni við þá sem taldir eru upp í tjónstilkynningu stefnanda til stefnda [...]2018. Byggir stefnandi á því að skv. 4. gr. skilmála stefnda nr. 203 skuli bætur greiddar á grundvelli verðs á nýjum hlutum og teflir stefnufjárhæðinni til stuðnings fram útprentunum úr vefverslunum, auk tveggja reikninga. Verður því ekki talið að kröfur stefnanda séu svo vanreifaðar að ekki verði á þær felldur dómur, en stefnandi ber ábyrgðina á þeim málalíbúnaði sem byggt er á.

35. Stefnandi ber enn fremur sönnunarbyrði um hvaða munir fóru forgörðum við innbrot í íbúð hennar en þótt ekki verði gerðar ríkar sönnunarkröfur eðli málsins samkvæmt, sbr. hér til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í máli nr. 420/1998, fer eftir atvikum hvaða kröfur verða gerðar. Í máli þessu er sönnunarstaðan nokkuð flókin en eins og fram kemur í málavaxtalýsingu var brotist inn í bæði íbúð stefnanda og bifreið. Fyrir liggja þónokkrar lögregluskýrslur vegna þessa, svo og dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-1895/2020 sem hefur fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir þar til hið gagnstæða er sannað, sbr. 4. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þar er greint frá því, eins og rakið er í efnisgrein 15, að ákærði hafi játað að hafa brotist inn í íbúð stefnanda og stolið þaðan tilgreindum munum. Ber þeim munum saman við þá sem lýst er að afhentir hafi verið stefnanda í lögregluskýrslu [...]2018, sbr. nánari lýsingu í efnisgrein 7.
36. Eins og áður segir byggir dómkrafa stefnanda á því að bæta skuli henni þá muni sem lýst er í efnisgrein 8 og hún taldi upp í tjónstilkynningu sinni til stefnda [...]2018 nokkrum vikum eftir innbrot í íbúð hennar, en stefnandi greindi frá því fyrir dómi að sér hefði verið sagt á vettvangi innbrotsins að skoða í rólegheitum hvað hefði verið tekið. Þær upplýsingar voru ekki skráðar hjá lögreglu fyrr en [...]2019, eða um þremur og hálfum mánuði eftir innbrotið, þótt hún hefði þegar verið spurð að því í tölvupósti stefnda [...]2018 hvort hún hefði látið lögregluna fá lista yfir stolna muni. Lista yfir muni í tjónstilkynningu stefnanda til stefnda ber að mestu saman við lista þann sem hún lét lögreglu síðar í té, þó þannig að þeir hlutir sem taldir voru upp í tjónstilkynningu innan sviga voru ekki á lista þeim sem síðar barst lögreglu. Þessir listar eru ekki samhljóða þeim sem fram koma í áðurgreindum dómi héraðsdóms og lögregluskýrslu um afhendingu muna til stefnanda, en sú skýrsla vísar til númera þess máls sem varðar innbrot í íbúð stefnanda. Stefnandi heldur því hins vegar fram að þeir 11 munir, þar af sex úlpur, sem henni voru afhentir hafi allir verið teknir úr bifreið hennar en ekki íbúð. Bar hún raunar fyrir dómi að einhverjir þeirra hluta, s.s. taska með jólasakrauti, hefðu verið í geymslu sem brotist hefði verið inn í á sama tíma og innbrot í bifreiðina átti sér stað, en farið hefði verið inn í fleiri bíla og geymslur við götuna. Það á sér þó ekki stoð í gögnum málsins að brotist hafi verið inn í geymslu hennar. Eins og lýst er í efnisgrein 6 er í lögregluskýrslu frá [...]2018 vegna innbrots í bifreið stefnanda haft eftir henni að teknir hefðu verið tveir símar, svartur Samsung-sími í svörtu hulstri og hvítur iPhone 8 með rósagylltri bakhlið, auk grárrar 66°N-úlpu ef tegundinni Jökla. Í sömu skýrslu segir að stuttu eftir tilkynningu stefnanda um innbrotið hefðu símarnir hennar og úlpan fundist og hún sótt munina á lögreglustöðina á Hverfisgötu. Er eðlilegt að álykta sem svo af lestri skýrslunnar að þar með hafi þeim hlutum sem stolið var verið komið í hendur eiganda að nýju, enda samræmist það best almennum málaskilningi. Stefnandi hefur lagt fram skriflega staðfestingu Auðar Kristínar Pálmadóttur um að hún hafi verið eigandi þriggja muna sem teknir hefðu verið úr bíl stefnanda og verið fengnir til baka, þ.e. iPhone rose gold 8, 66°N-úlpu með loðfóðri og Cintamani-úlpu. Lýsing hennar gæti átt við tvo af þeim gripum sem stefnandi kvað í lögregluskýrslu hafa verið tekna úr bílnum en Cintamani-úlpa var ekki

þar á meðal. Slík úlpa var hins vegar meðal þeirra muna sem stefnandi fékk afhenta. Auður Kristín bar ekki vitni fyrir dómnum og gat því ekki staðfest skriflega yfirlýsingu sína eða gefið nánari skýringar. Þá kom lögreglumaður nr. A sem ritaði skýrslu vegna innbrots í bifreiðina ekki heldur fyrir dómnum, en það hefði getað verið til skýringa um þau atriði sem stefnandi heldur fram. Í skýrslunni um innbrotið í bifreiðina kemur fram að einnig hefði unnið að málinu lögreglumaður nr. B, en sá lögreglumaður ritaði skýrslu um afhendingu muna til stefnanda sem vísar til númers þess máls sem varðar innbrot í íbúð stefnanda. Sá lögreglumaður var ekki heldur kvaddur fyrir dómnum til að varpa ljósi á hvers vegna munirnir hefðu verið tengdir við innbrot í íbúð stefnanda fremur en bifreið hennar.

37. Vitnið Crannsóknaarlögreglumaður, sem samkvæmt vitnisburði sínum hafði mest af málinu að segja, kom fyrir dómnum og kvað mikið magn þýfis, þ. á m. þá muni sem stefnandi hefði fengið í hendur [...]2018, hafa fundist við húsleit í hitakompu á [...]. Þýfið hefði tengst mörgum innbrotum, þ. á m. á [...], en vitnið kvaðst ekki muna hvað sakborningar hefðu sagt koma hvaðan og hefði vitnið ekki skýringu á því hvaða munir hefðu komið úr íbúð stefnanda og hvaða munir úr bifreiðinni. Benti vitnið á að það gæti legið fyrir í skýrslum, en eins og áður er rakið voru samkvæmt skýrslu lögreglu munir afhentir stefnanda sem teknir voru úr íbúð hennar. Lýsti vitnið því að mikið þýfi hefði tengst mörgum málum sem blandast hefðu saman, en almennt væri stofnað málsnúmer við hvert verkefni og svo annað við haldlagningu, hvort mál tengdust kæmi svo kannski síðar í ljós. Munir gætu fundist í einu máli en tilheyrt öðru máli og það búið til ákveðið flækjustig. Þegar vitnið var spurt hvort það vissi til þess að munir, sem stolið hefði verið úr íbúð stefnanda, hefðu fundist sagði vitnið að það hefði ekki skráð munina við haldlagningu en haft frásögn gerenda og þolanda af mununum og ákveðin tenging fundist þar á milli. Allir aðilar málsins hefðu kannast við hvaðan munirnir hefðu verið fengnir.
38. Þykir sú sönnunarfærsla sem fram fór fyrir dómnum ekki til þess fallin að styðja þá fullyrðingu stefnanda að misskilningur ríki um hvaða munir voru teknir úr íbúð hennar og hvaða munir úr bifreið þar fyrir utan, en eins og áður segir voru ekki kvaddir fyrir dómnum sem vitni aðilar sem frekara ljósi hefðu getað varpað á þetta atriði. Verður því að leggja til grundvallar að þeir munir sem stefnandi fékk afhenta hafi verið úr íbúð hennar, eins og greinir í lögregluskýrslu. Hvað sem því líður var tjónstilkynningin ekki gerð fyrr en [...] 2018, eða nokkrum dögum eftir að stefnanda voru afhentir munir í kjölfar innbrots í bifreið við heimili hennar. Er því ekkert óeðlilegt við það að á lista í tjónstilkynningu sé ekki að finna flesta þá muni sem stefnanda voru afhentir, hvort sem þeir voru endurheimtir eftir stuld úr íbúð hennar eða bifreið. Þá er ekki heldur hægt að gagnálykta frá dómi Héraðsdóms Reykjavíkur og telja útilokað að að fleiri munir hafi verið teknir í innbroti í íbúð stefnanda en sannað þótti og játað var af ákærða. Þó verður ekki fram hjá því litið að í vitnisburði áðurgreinds rannsóknaarlögreglumanns fyrir dómi kom fram að óhætt væri að álykta að almennt byggji sundurliðun á munum í ákæru um hvaða munir hafi verið teknir hvar á rannsókn lögreglu og skýrslum þar um, en í ákæru þeirri sem til grundvallar var framangreindum dómi voru ekki taldir upp þeir munir sem stefnandi tilkynnti

til lögreglu að teknir hefðu verið, sbr. lögregluskýrslu, dags. [...]2019. Þótt ekki verði fullyrt af hvaða sökum þeir munir voru undanskildir í ákæru verður að telja veruleg vafaatriði enn til staðar varðandi muni þá sem teknir voru í innbrotinu, ekki síst vegna þess að stefnandi hefur markað máli sínu ákveðinn farveg og hagað sönnunarfærslu með tilteknum hætti. Eins og sönnunarstöðu þessari er háttað verður því að gera þá kröfu til stefnanda að hún færi sönnur á umfang tjóns síns umfram það að láta í té lista yfir þá muni sem hún heldur fram að hafi verið teknir.

39. Stefndi bað stefnanda um kvittanir/kortafærslur fyrir því sem var stolið og liggja fyrir í málinu tveir reikningar á kennitölu stefnanda. Annar þeirra er frá 2. október 2018 vegna kaupa á Sonos Playbar Soundbar að heildarupphæð 100.620 krónur og hinn er frá 2. desember 2017 vegna kaupa á tveimur iPhone 8, 64GB og „space grey“ að lit. Annar síminn er merktur Plus og er einingarverð á honum tilgreint sem 117.871 króna og er einingarverð hins tilgreint 104.323 krónur, samtals 275.520 krónur með virðisaukaskatti. Frekari gagna nýtur ekki í málinu um þá muni sem eiga að hafa verið teknir við innbrot í íbúð stefnanda. Bar stefnandi því við fyrir dómi að suma muni hefði hún fengið að gjöf og því ekki haft kvittanir fyrir þeim, auk þess sem hún geymi ekki kvittanir fyrir fötum. Hefur hún þó ekki gert reka að því að sýna fram á með öðrum hætti að þessir munir hafi tilheyrt innbúi hennar, s.s. með ljósmyndum af heimili sínu og heimilismönnum eða frá þátttöku hennar í móðelfitness-keppnum, en meðal þeirra muna sem hún telur sig eiga að fá bættu eru keppnisbikiní frá þeim tíma, eða þá með vitnisburði gefenda eða annarra þeirra sem komið hafi á heimili hennar eða til þekki. Þá verður að telja henni hafa verið í lófa lagið, þótt hún geymi ekki kvittanir fyrir fötum, að afla sér reikningsyfirlits og/eða greiðslukortayfirlits sem sýni greiðslur til söluaðila eða afla sér kvittana frá viðskiptabanka sínum eða, eins og stefndi benti henni raunar á, söluaðilum, t.a.m. vegna úlpna og síma sem stefnandi bar fyrir dómi að hafa keypt sjálf. Verður því ekki annað séð en að sönnunarfærsla hefði átt að vera stefnanda möguleg í einhverri mynd og ekki of þungbær. Að þessu virtu er ekki hægt að leggja til grundvallar að tjón stefnanda hafi orðið meira að umfangi en hún hefur lagt fram gögn um með þeim reikningum sem að framan er lýst og varða Sonos Playbar Soundbar og iPhone 8. Þykir næg sönnun komin fram um að þeir munir hafi verið teknir við innbrot í íbúð stefnanda, en varðandi símann er rétt að taka fram að í tjónstilkynningu er talinn upp iPhone 8, en ekki iPhone 8 Plus, og verður við það miðað.

40. Stefndi byggir sýknukröfu sína einnig á því að stefnandi hafi af ásetningi veitt rangar og ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta sem leið til ábyrgðarleysis stefnda, sbr. 57. gr. skilmála nr. 203, sbr. og 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Í athugasemdum við nefnt ákvæði í frumvarpi því sem varð að lögunum er tekið fram að orðalag þess miðist við að tvennt þurfi að liggja fyrir til þess að því verði beitt. Annars vegar verði váttryggður að hafa veitt félaginu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar og hins vegar verði því skilyrði að vera fullnægt að hann hafi gert þetta meðvitað í þeim tilgangi að fá bætur eða hærri bætur en hann á rétt til. Einnig er tekið fram að ljóst sé að félagið hafi sönnunarbyrði fyrir því að báðum

Þessum skilyrðum sé fullnægt. Þótt stefnandi hafi vissulega ekki veitt stefnda upplýsingar um þá muni sem hún fékk afhenta áður en hún tilkynnti um tjón sitt, og jafnvel þótt litið yrði til þess að við meðferð málsins hjá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum hafi komið fram misvísandi upplýsingar af hennar hálfu um hvort tjónstilkynning hafi tekið til muna úr innbroti í íbúð og í bifreið, er ekki hægt að fullyrða að það hafi verið gert meðvitað í auðgunartilgangi án þess að fleira komi til. Væri það þá helst ef sýnt þætti að einhverjir þeirra hluta sem stefnandi endurheimti væru þeir hinir sömu og hún krefst bóta fyrir. Þegar gögn málsins eru borin saman að þessu leyti sést að stefnanda var 13. nóvember 2018 m.a. afhentur rósagylltur sími af tegundinni iPhone 8, auk svartrar 66°N-úlpu með loði innan í og svartrar 66°N kvk. úlpu með engu loði á hettunni. Í tjónstilkynningu stefnanda til stefnda 19. s.m. er farið fram á bætur fyrir síma af tegundinni iPhone 8, án þess að litur sé tilgreindur, og fyrir tvær 66°N-úlpur af gerðinni Jökla, aðra svarta og hina bláa, eftir innbrot í íbúð stefnanda. Stefnandi hefur lagt fram reikning vegna iPhone 8 í litnum „space grey“ og er því ekki krafist bóta fyrir slíkan síma í rósagylltum lit. Þá er lýsing svartra úlpna sömu tegundar ekki samhljóða og þykir gegn andmælum stefnanda ekki sannað að um sömu úlpu sé að ræða þótt vissulega sé í málinu um talsverðan fjölda úlpna að ræða. Hefur stefnda því ekki tekist að tryggja sér sönnun um að þær upplýsingar sem stefnandi veitti hafi af ásetningi verið veittar til að fá hærri bætur en hún á rétt á. Á stefnandi því rétt til bóta úr hendi stefnda fyrir það tjón sem hún hefur sannað.

41. Stefnandi byggir kröfu sína á enduröflunarverði sambærilegra muna og hún tapaði en stefndi gerir varakröfu um að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega, m.a. með vísan til þess að stefndi hafi í váttryggingarskilmálum heimild til afskrifta á rafmagnstækjum um 20% eftir eitt ár, auk þess sem snjallsímar afskrifist um 20% á sex mánaða fresti frá kaupdegi til tjónsdags. Er ekki hægt að líta fram hjá þeim afskriftarreglum sem fram koma í 4. gr. skilmála nr. 203 og verður litið til fjárhæða þeirra reikninga sem fyrir liggja. Reikningur vegna kaupa á Sonos Playbar Soundbar er frá 2. október 2018, eða rúmum þremur vikum fyrir innbrot í íbúð stefnanda. Afskriftir verða því ekki reiknaðar af heildarupphæð þess reiknings sem er 100.620 krónur heldur skal bæta það tjón að fullu. Reikningur vegna kaupa á „space grey“ iPhone 8 64GB er frá 2. desember 2017 og reiknast 20% afskriftir því einu sinni áður en innbrotið átti sér stað innan við ári síðar. Kaupverð hans var 104.323 krónur sem að viðbættum virðisaukaskatti en frádregnum afskriftum verður bætt með 103.489 krónum. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda 204.109 krónur. Eins og mál þetta er vaxið þykir rétt að tildæmd fjárhæð beri dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.
42. Með hliðsjón af þeim mikla vafa sem uppi var í málinu þykir rétt að láta hvorn aðila bera sinn kostnað af málinu, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
43. Af hálfu stefnanda flutti málið Kristján Ágúst Flygenring lögmaður, en af hálfu stefnda flutti málið Kristín Edwald lögmaður.
44. Dóm þennan kveður upp Nanna Magnadóttir héraðsdómari.

**Dómsorð:**

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Alexöndru Rut Ingólfssdóttur, 204.109 krónur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá dómsuppsögu-  
degi til greiðsludags.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Nanna Magnadóttir